



Lögmál ehf.
b.t. Ásgeirs Þórs Árnasonar, hrl.
Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 101 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165
postur@vel.is velferðarraduneyti.is

Reykjavík 2. desember 2015
Tilv.: VEL15100221/05.53.02

Efni: Málefni Ísafoldar.

Velferðarráðuneytið vísar til bréfs þíns, dags. 19. október sl., þar sem komið er á framfæri að sveitarfélagið Garðabær telur að ráðuneytið hafi vanefnt samning um byggingu hjúkrunarheimilisins Ísafoldar. Garðabær gerir kröfu um að íslenska ríkið greiði til baka fjármuni sem Garðabær hefur lagt til hjúkrunarheimilisins Ísafoldar, ásamt vöxtum. Þess er krafist að 391.251.310 kr. verði greiddar sveitarfélaginu eigi síðar en 15. nóvember 2015 en jafnframt er lýst yfir vilja til að eiga viðræður um lausn málsins.

Í fyrrgreindu bréfi er upphæðin sem krafist er sett fram vegna fjárvöntunar til rekstrar hjúkrunarheimilisins Ísafoldar og er því haldið fram að greiðslur Tryggingastofnunar til hjúkrunarheimilisins í formi daggjalda dugi ekki til að standa undir rekstrinum. Garðabær hafi því þurft að leggja fjármuni með rekstrinum auk þess sem einu sinni hafi fengist viðbótarframlag sem Tryggingastofnun greiddi samkvæmt sérstakri ákvörðun ráðuneytis. Garðabær mótmælir að leggja beri til grundvallar reglugerðir og gjaldskrár sem ráðherra og Sjúkratryggingar Íslands hafa sett um fjárhæðir daggjalda.

Ráðuneytið vill taka eftirfarandi fram vegna þessa bréfs.

Greiðslur Tryggingastofnunar til hjúkrunarheimilisins Ísafoldar í formi daggjalda eru reiknaðar út frá sömu forsendum og daggjöld til annarra hjúkrunarheimila en daggjöldum er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði. Ásamt daggjöldum hefur Ísafold fengið greidda húsaleigu samkvæmt grein 1.3 í samningi um byggingu og þátttöku í leigu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða í Garðabæ

Í samræmi við ákvæði greinar 3.2, í nefndum samningi, voru haldnir sex fundir með starfsmönnum Garðabæjar á tímabilinu 10. 10. 2013 til 1.12.2014 um gerð samnings um rekstur heimilisins. Þær viðræður skiluðu ekki árangri og ekki tókst að koma á samningi milli aðila. Á fundi 14. nóvember 2014 var af hálfu ráðuneytisins getið um breytingu sem þá var í undirbúningi og fólst í því að Sjúkratryggingar Íslands tækju yfir gerð þjónustusamninga um rekstur hjúkrunarheimila, sbr. ákvæði í IV. kafla laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008. Þetta mál kom einnig til umræðu á fundi 1. desember 2014 sem var síðasti fundur ráðuneytisins og Garðabæjar um gerð samnings. Frá þeim degi hefur ekki af hálfu sveitarfélagsins verið óskað eftir fundi með ráðuneytinu og hefur ráðuneytið því ætlað að sveitarfélagið hafi verið í viðræðum við Sjúkratryggingar Íslands um gerð samnings á yfirstandandi ári.

Með vísan til þess sem hér er rakið hafnar ráðuneytið þeirri túlkun Garðabæjar að ráðuneytið hafi vanefnt fyrrgreindan samning. Tilraunir til að koma á samningi um rekstur heimilisins skiluðu ekki árangri á þeim tíma sem samningsumboðið var hjá ráðuneytinu. Þá kannast ráðuneytið ekki við að hafa vanefnt leigugreiðslur til Garðabæjar í samræmi við samninginn.

Ráðuneytið telur að ýmsir þættir í niðurstöðu útreikningum Garðabæjar séu óljósir og ekki sé fært að hunsu þau lög og reglugerðir sem um málið gilda. Ráðuneytið hafnar því að greiða ofangreinda kröfu.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra


Sveinn Magnússon


Guðlín Steinsdóttir